

Ólafur Rögnvaldsson¹ og Haraldur Ólafsson²

- 1) Háskólinn í Björgvin, Háskóli Íslands og Reiknistofa í veðurfræði
- 2) Háskóli Íslands, Veðurstofa Íslands og Reiknistofa í veðurfræði

Úrkoma í framtíðarloftslagi á Íslandi

Úrkoma tímabilsins 2071-2100 er reiknuð í hárrí upplausn með jaðri frá tveimur hnattrænum framtíðarkeyrslum frá reiknimiðstöðinni Hadley. Samkvæmt reikningunum verður úrkoma á Íslandi að jafnaði um 10% meiri en við núverandi aðstæður. Mun meiri munur kemur fram þegar skoðaðir eru einstakir landshlutar og árstíðir. Þannig lítur út fyrir töluverða aukningu í vetrarúrkomu á norðaustanverðu landinu, vorúrkoma minnkar víðast hvar, en haustrigningar aukast sunnan lands og vestan. Mestu breytingar á úrkomu falla í mörgum tilvikum saman við mikinn halla lands. Í ljósi þess að nokkuð vantar upp á að fjöll komi skýrt fram í reikningunum má ætla að breytingar á úrkomu til fjalla kunni að verða miklar.